

Ed.

251. Frumvarp til laga

[134. mál]

um launasjóð rithöfunda.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Stofna skal launasjóð íslenskra rithöfunda. Stofnfé sjóðsins skal vera 21.7 milljónir króna og greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Fjárveiting samkvæmt 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1976. Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum síðan ætluð fjárveiting, er nemi eigi lægri fjárhæð en að ofan greinir.

Fjárhæðin skal endurskoðuð ár hvert við undirbúning fjárlaga með tilliti til breytinga á byrjunarlaunum menntaskólakennara.

3. gr.

Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita. Heimilt er og að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við félagssamtök rithöfunda, þar sem m. a. skal kveðið á um stjórn sjóðsins, vörslu hans og greiðslur úr honum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frv. var lagt fyrir 94. löggjafarþing að öðru leyti en því að ártalinu 1975 í 2. gr. er breytt í 1976. Frv. fylgdi svofelld greinargerð:

„Frumvarp þetta er samið af nefnd, er menntamálaráðherra skipaði 16. janúar 1973 og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Hinn 18. maí 1972 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktun: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing tillögur um, að fjárhæð, er nemi sem næst andvirði söluskatts af bókum, renni til rithöfunda og höfunda fræðirita, sem viðbótarritlaun eftir reglum, er samdar verði í samráði við Rithöfundasamband Íslands og félag rithöfunda.“

Fjármálaráðuneytið skipaði hinn 14. nóvember 1972 nefnd til þess að kanna, hve söluskattur af bókum næmi hárru upphæð ár hvert. Í nefndinni áttu sæti: Bergur Guðnason, formaður, Svava Jakobsdóttir, Knútur Hallsson og Örlygur Hálfðánarson. Niðurstaða nefndarinnar var sú, að söluskattur af bókum íslenskra höfunda næmi sem næst 21.7 millj. kr. árið 1972, en að viðbættum þýðingum sem næst 38.3 millj. kr. Tölur þessar voru byggðar á upplýsingum frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Menntamálaráðuneytið skipaði síðan hinn 16. jan. 1973 nefnd til þess að semja reglur samkvæmt þingsályktuninni. Í nefndina voru skipuð: Svava Jakobsdóttir, skv. tilnefningu Rithöfundasambands Íslands, Einar Bragi, skv. tilnefningu Rithöfundafélags Íslands, dr. Gunnar Thoroddsen, skv. tilnefningu Félags ísl. rithöfunda, Bergur Guðnason, skv. tilnefningu fjármálaráðuneytisins og Knútur Hallsson án tilnefningar. og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin hefur samið bráðabirgðareglur um úthlutun viðbótarritlauna (nr. 307/1973), er miðast ein-göngu við 12 millj. kr. fjárveitingu í fjárlögum 1973. Jafnframt hefur nefndin unnið

og vinnur enn að því að semja varanlegri reglur um þetta efni, og hefur verið reynt að kanna til nokkurrar hlítar ýmsar leiðir, þar á meðal svonefnt ritlaunatryggingakerfi samhliða greiðslu viðbótarritlauna fyrir útgefin verk næstliðið ár. Eins og áður getur byggjast störf nefndarinnar á framangreindri þingsályktun og ákvæði í fjárlögum 1973. Hins vegar mun ekki fara milli mála, að skipan þeirri, sem þingsályktunin gerir ráð fyrir, var ekki ætlað að gilda aðeins eitt ár eða annan takmarkaðan tíma, heldur var vilji Alþingis, að réttarbót þessi til handa rithöfundum skyldi vera til frambúðar, enda voru enn í fjárlögum 1974 veittar 12 millj. kr. í hinu sama skyni. Eftir viðræður nefndarinnar um þetta efni við menntamálaráðherra, Magnús T. Ólafsson, fól ráðherra henni með bréfi dags. 23. mars 1973 „að semja frumvarp til laga um efni þingsályktunar frá 18. maí 1972.“ í samræmi við það hefur nefndin samið frumvarp þetta, er hér liggur fyrir, ásamt greinargerð og athugasemdum við einstakar greinar þess.

Þótt hugmyndir um endurgreiðslu til rithöfunda á söluskatti af íslenskum bókum hafi upphaflega hrundið máli þessu af stað, telur nefndin ekki heppilegt, að fjárveiting verði til frambúðar bundin söluskatti. Skattur af þessu tagi kann að verða lagður niður, breyta um nafn með einum eða öðrum hætti eða felldur inn í aðra skatta. Þá hefur og sýnst nokkrum örðugleikum bundið að staðreyna með nákvæmni, hversu hárrí upphæð þessi hluti söluskattsins kynni að nema og fylgjast með breytingum á honum frá ári til árs. Með tilliti til þingsályktunarinnar taldi nefndin æskilegt, að með sérstakri könnun yrði gefið nákvæmlega úr skugga um, hve hárrí upphæð þessi hluti söluskattsins hefði numið á árinu 1972, og fór menntamálaráðuneytið að beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 26. mars 1973 þess á leit við fjármálaráðuneytið, að þessi könnun færi fram. Niðurstaða lá ekki fyrir, þegar frumvarp þetta var samið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fjárhæð sú, sem við er miðað í greininni (21,7 millj. kr.), byggist á upplýsingum frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins á sínum tíma um áætlaðan söluskatt af íslenskum bókum á árinu 1972. Séu þýddar bækur taldar með, nemur hin áætlaða tala 38,3 millj. kr. Í frumvarpinu er miðað við lægri töluna, en ýmislegt mælir með, að hún verði allmiklu hærri, þar eð söluskattur af íslenskum bókum hefur efalaust hækkað verulega frá 1972 og lagafrumvarpið heimilar þar að auki einnig greiðslur úr sjóðnum fyrir þýðingar (sbr. 3. grein).

Um 2. gr.

Þar sem búið er að taka í fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1974 fjárveitingu til rithöfunda og höfunda fræðiriti að fjárhæð 12 millj. kr., er fyrsta fjárveiting samkvæmt þessum lögum miðuð við fjárlög fyrir árið 1975.

Viðmiðunin við byrjunarlaun menntaskólakennara er sú sama og í reglum nr. 165/1969 um starfslaun listamanna. Þykir sú viðmiðun hafa gefið góða raun og reynst sanngjörn eftir atvikum.

Um 3. gr.

Rétt þykir, að fram komi, hverjir notið geti greiðslna úr sjóðnum, þar á meðal að þýðendur komi einnig til álita. Ákvæðið telst ekki ná til höfunda, er gefa fræðirit út á kostnað annarra opinberra sjóða eða stofnana, né heldur, ef útgáfan telst þáttur í kennsluskyldu eða annarri starfskvöð. Ekki koma aðrar þýðingar til greina en þær, er hafa bókmenntalegt gildi. Heimilt er í reglugerð að ákveða lægri greiðslur fyrir þýðingar en frumsamin verk.

Um 4. gr.

Nú eru starfandi þessi rithöfundasamtök: Rithöfundasamband Íslands, Rithöfundafélag Íslands og Félag íslenskra rithöfunda. Með orðalaginu „félagssamtök

rithöfunda“ er átt við framangreind samtök eða þau, er í þeirra stað kunna að koma. Meginákvæði reglugerðarinnar hljóta að lúta að því, hvernig háttá skuli greiðslum úr launasjóði. Ekki mun verða komist hjá, að þær verði að einhverju leyti háðar mati, þannig að ekki geti allir, er semja og fá birtar bækur í landinu, vænst fjár eða átt einstaklingsbundna kröfu til fjár úr sjóðnum. Höfuðhlutverk sjóðsins er að auðvelda starfandi höfundum að sinna ritstörfum án meiri fjárhagslegrar áhyggju almennt en aðrar starfsstéttir í þjóðfélaginu.

Ekki þykir heppilegt að svo stöddu að setja fastar ýtarlegar reglur í frumvarpið um framkvæmd laganna í einstökum atriðum, heldur verði fyrst um sinn settar um þau efni stjórnvaldsreglur í nánú samráði við rithöfunda sjálfa. Hljóta þessir aðilar að hafa allfrjálsar hendur um, hvernig reglunum verður háttáð að þessu sinni, en þegar nægileg reynsla er fengin af framkvæmd þeirra, verður væntanlega tímabært að lögfesta slíkar reglur í meginatriðum.

Ef samkomulag verður um það milli ráðuneytis og rithöfunda, mætti fela nefnd skipaðri 16. jan. 1973 að semja reglugerðina í framhaldi af öðrum störfum hennar að þessum málum.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“